

REYKJAVÍKURBORG ÓSKAR EFTIR
HUGMYNDARÍKUM OG ÁHUGASÖMUM
EINSTAKLINGUM EÐA HÓPUM TIL AÐ
TAKA ÞÁTT Í VERKEFNINU:

TORG Í BIÐSTÖÐU

Verkefnin geta verið af ýmsum toga;
innsetningar og/ eða endurhönnun svæða, viðburðahald,
markaðir, leikir eða hvað eina sem talið er styrkja
mannlíf og hvetja til aukinnar notkunar á svæðinu.

Hópar og einstaklingar sem taka að sér verkefni finna
tímabundnar og skemmtilegar lausnir á sínu svæði og
kanna möguleika þess með tímabundnum tilraunum. Um
leið er reynt að vekja íbúa og aðra hagsmunaaðila til
umhugsunar um sitt nánasta umhverfi og virkja þá til að
taka þátt í að þróa svæðin.

Í ÁR ER SÉRSTÖK ATHYGLI VAKIN Á:
GÖNGUGÖTUM
í miðborginni og tækifærum sem þeim fylgja.

Þar að auki geta umsækjendur sótt um hvaða
svæði í borgarlandinu sem þeir óska, hvort sem
það eru torg, græn svæði, stígar eða önnur svæði.
Einnig er hægt að senda umsókn um verkefni og
óska eftir aðstoð verkefnastjóra Torg í biðstöðu
að finna því heppilegt svæði.

REYKJAVÍK.IS/TORG-I-BIDSTODU



REYKJAVÍKURBORG
UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

UMSÓKNARFRESTUR:

15. MARS 2020

Áhugasamir eru hvattir til að senda
umsóknir með hugmynd að verkefnum



UMSÓKNIR SENDIST Á:

gongugotur@reykjavik.is

MERKJA Í EFNISLÍNU (SUBJECT):

"Umsókn um biðsvæði"

**UMSÓKNIR HAFÐAR Í VIÐHENGNI
ÞAR SEM FRAM KEMUR:**

- Ítarleg lýsing á verkefninu í texta og myndum/ teikningum
- Staðsetning verkefnisins ef sótt er um tiltekið svæði
- Verk- og tímaáætlun
- Áætlaður efniskostnaður
- Ferilskrá allra umsækjenda með fullu nafni, kennitölu, netfangi og símanúmeri

